



Reglur um notkun eftirlitsmyndavéla

1. gr.

Rafræn vöktun með eftirlitsmyndavélum

Kópavogsbær hefur sett upp stafrænar myndavélar hjá stofnunum sínum þar sem rafræn vöktun er talin nauðsynleg á grundvelli öryggis eða eignavörslu.

Forstöðumaður stofnunar ber ábyrgð á að farið sé að reglum þessum.

2. gr.

Tilgangur

Tilgangur með rafrænni vöktun með eftirlitsmyndavélum er að varna að eigur Kópavogsbæjar séu skemmdar og að farið sé um byggingar eða aðrar eigur í leyfisleysi og til að stuðla að öryggi á þessum svæðum.

Reglunum er ætlað að tryggja meðalhóf, virða einkalífsrétt þeirra sem sæta vöktun og ganga ekki lengra en nauðsyn ber til.

3. gr.

Ákvörðun um rafræna vöktun

Uppsetning nýrra eftirlitsmyndavéla er háð samþykki sviðsstjóra þess sviðs sem viðkomandi stofnun heyrir undir, og skal tekin afstaða til þess hvar heimilt er að koma fyrir myndavélum. Umhverfissvið heldur utan um skráningu á öllum eftirlitsmyndavélum sem og staðsetningu þeirra á teikningu.

Kaup á búnaði til myndeftirlits eru gerð í samráði við upplýsingatæknideild (rekstrar- og öryggisstjóra) og uppsetning á búnaði er framkvæmd í samráði við upplýsingatæknideild og umhverfissvið (deildarstjóra fasteigna).

Áður en eftirlitsmyndavélar eru keyptar, settar upp og teknar í notkun hjá stofnun þarf að liggja fyrir MÁP greining vegna slíks eftirlits og mögulegra áhrifa þess á einstaklinga og persónuupplýsingar þeirra. Áður en gerðar eru verulegar breytingar á umfangi vöktunar, t.a.m. myndavélum komið upp innandyrna, skal gera MÁP greiningu á ný. Persónuverndarfulltrúi veitir leiðbeiningar um gerð MÁP greiningar.

4. gr.

Búnaður

Eftirlitsmyndavélum getur verið komið upp utandyra og í anddyrum. Sérstaks samþykkis sviðsstjóra er aflað ef nauðsynlegt þykir að koma eftirlitsmyndavélum upp innanhúss og skal þeim þá helst komið fyrir í anddyrum, miðrymum og öðrum opnum rýmum. Við uppsetningu er sérstaklega gætt að því að eftirlitsmyndavélar vísi ekki að svæðum á almannafæri og/eða eignum nágretta. Eftirlit með stillingum öryggismyndavéla er höndum eignadeildar og er það framkvæmt minnst einu sinni ári til að gæta samræmis í stillingum og notkun þeirra.

Tölvubúnaður sem tengdur er myndavélunum og geymir upptökur er geymdur í aðgangsstýrðu rými sem aðeins forstöðumaður og þeir aðilar sem hann tilgreinir hafi aðgang að. Leitast skal við að halda fjölda þeirra sem hafa aðgang í lágmarki.



Búnaðurinn geymir lista yfir skoðanir á upptökum (log). Þar þarf að koma fram með hvaða aðgangi (frá hvaða notanda myndeftilritskerfisins) var skoðað, hvenær var skoðað, tímabil upptöku og frá hvaða eftirlitsmyndavélum upptaka var.

5. gr. Fræðsla

Vöktunin og reglur þessar eru kynntar þeim sem vöktun hefur áhrif á, hvort sem um ræðir nemendur, foreldra og/eða starfsmenn. Þeir staðir þar sem vöktun fer fram eru merktir með skýrum hætti.

6. gr. Meginreglur sem gilda um rafræna vöktun

Notkun eftirlitsmyndavéla skal vera í samræmi við reglur persónuverndar um rafræna vöktun og meðferð persónuupplýsinga sem til verða við rafræna vöktun, nr. 837/2006.

Persónuupplýsingar sem verða til við rafræna vöktun skal fara með í samræmi við 8. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

Skulu upplýsingar unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og öll meðferð þeirra samrýmast vönduðum vinnsluháttum persónuupplýsinga.

Upplýsingunum er safnað í yfirlýstum, skýrum og málefnalegum tilgangi, sbr. 2. gr. reglnanna og eru ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi.

Upplýsingum sem safnað er skulu vera nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar.

7. gr. Varðveisla persónuupplýsinga sem verða til við rafræna vöktun

Upplýsingum sem verða til við rafræna vöktun skal eytt um leið og ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita þær. Upplýsingar sem verða til við rafræna vöktun eru aldrei varðveittar lengur en í 90 daga nema lög heimili eða dómsúrskurður liggi fyrir.

Forstöðumönnum stofnana hjá Kópavogsbæ, þar sem rafræn vöktun öryggismyndavéla fer fram, ber að tryggja að gagnatakmarkanir geri ráð fyrir yfirskrift á stafrænum upptökum áður en 90 daga varðveislu er náð.

8. gr. Skoðun persónuupplýsinga sem verða til við rafræna vöktun

Þegar þörf er á til að tryggja öryggi og eignavörslu getur forstöðumaður stofnunar falið starfsmanni að fylgjast með upptökum í rauntíma og skal þá tryggt að óviðkomandi hafi ekki aðgang.

Myndefni úr stafrænum myndavélum verður eingöngu skoðað ef upp koma atvik er varða eignavörslu eða öryggi einstaklinga, s.s. þjófnaður, skemmdarverk eða slys. Einungis forstöðumenn stofnana og þeir sem til þess hafa leyfi hjá Kópavogsbæ samkvæmt lista sem bæjarstjóri samþykkir, hafa heimild til að skoða upptökurnar og skulu þeir hafa undirritað trúnaðar- og þagnarskylduyfirlýsingu vegna starfa sinna. Ávallt skulu tveir starfsmenn/forstöðumenn vera saman við skoðun efnis úr rafrænum öryggismyndavélum. Ef upptökur eru skoðaðar skal það gert með vísun í tilgang myndeftilritsins og halda þarf skrá um skoðanir sem hægt er að bera saman við atburðaskráningu eftirlitsmyndavélakerfis. Óheimilt er að afrita upptök úr myndeftilritskerfi.



9. gr.

Afhending persónuupplýsinga sem verða til við rafræna vöktun

Upptökur verða ekki afhentar öðrum en lögreglu, t.a.m. ef um slys eða meintan refsiverðan verknað er að ræða.

Við afhendingu til lögreglu skal ávallt fá skriflega staðfestingu lögreglu á móttöku með undirskrift viðtakanda og skal slík staðfesting vistuð í sérstakt mál í skjalavistunarkerfi bæjarins og skulu slík mál merkt „Afhending upptöku“.

10. gr.

Andmæli við framkvæmd vöktunar

Komi fram athugasemdir eða andmæli við framkvæmd vöktunar og/eða ábendingar um að hún uppfylli ekki þær kröfur sem settar eru í reglum þessum eða lögum skal hafa samband við persónuverndarfulltrúa Kópavogsbæjar, með því að senda tölvupóst á netfangið personuvernd@kopavogur.is eða hringja í síma 441-0000.

11. gr.

Vöktun lögreglu

Reglur þessar gilda ekki um öryggismyndavélakerfi sem sett hefur verið upp í samstarfi við lögreglu utan stofnana Kópavogsbæjar. Er aðkoma Kópavogsbæjar við þá vöktun enda takmörkuð við kaup á búnaði, uppsetningu og merkingu.

Samþykkt á fundi bæjarráðs Kópavogsbæjar

5. desember 2019